

Kristín María Baldursdóttir

Kinnhestur

Eftir að ég hætti að berja konuna mína hef ég átt við svefnleysi að stríði.

Ég hefði aldrei trúað því að óreyndu að það gæti hent mig. Sem barn var ég svo fljótur að sofa að mömmu tókst aldrei að kenja mér nema fyrstu línumar í fæðivortinu. Hún henti oft gamlan að því síðar meir og sagði líka að ég hefði sofnið svo fast að það hefði mátt berja mig milli húsa án þess að ég tumskaði. Hún fór stundum með mig sofandi yfir í hús systur sinnar þegar pabbi tók úrana. Á unglingsárum gat ég sofnið af mér daginn. Þannig hefur það ætíð verið, mér finnst gott að sofa, sofna fljótt og sef fast. Þar til nú fyrir nokkru.

Það byrjaði með því að ég gat ekki festr svefninn og ef ég sofaði á annað borð vaknaði ég við minsta þrask. Konan mátti ekki bylta sér eða börnin fara á klósett. Stundum hrókk ég upp með andlælum. Ég er ekki sú manngerð sem leitast til læknis út af smámunum, svo ég reyndi í fyrstu að kippa þessu í lag sjálfur. Ég las viðtal í biðunum við geðlækni sem sagði að forsenda góðs svefns væri sú að minnka kaffidrykkju og ganga rösklega úti nokkurn sinnum í viku og að þeim réðum fór ég. En allt kom fyrir ekki. Ég hafði líka lesið að það gæti verið hættulegt fyrir hjartað að fá ekki eðlilegan svefn, svo það varð úr að ég hafði

mig til heimilislæknisins sem lét mig hafa bleikar svefnlofur og sagði mér að taka eina fyrir nóttina, en hún dugði ekki svo ég varð að taka inn tvær til þrjár. Þær urðu til þess að ég var svifaður og vankaður í vinnunni og stórhættulegur í umferðinni. Ég var orðinn ansi slappur og nefndi þetta við félagi minn sem kom með þá uppástungu að ég færi til sálfræðings og létu hann finna rót vandans. Öðruvísi væri ekki hægt að lækna þetta fjárans svefnleysi. Ég tók mark á náunganum því hann er óvitaless.

Hann nefndi það líka að ég yrði að segja forsögu málsins sem er nú kannski ekki merkileg nema að því leyttinu að þetta byrjaði allt þegar ég hætti að berja konuna mína eins og ég nefndi. Ég er ekki að segja að ég hafi barið hana stöðugt, það gerðist bara stöku sinnum. Það liðu oft margar vikur án þess að ég danglaði í hana. Yfirleitt voru það ytri aðstæður sem urðu þess valdandi að ég lagði til hennar. Máður var þreyttur eftir langa vinnutönn eða hafði kannski aðeins smakkað það og ég neita því ekki að hún gat farið í taugarnar á mér á slíkum stundum.

Nú er þetta ágætis kona, heldur heimilinu hreinu og hefur alltaf verið sparsöm og vinnusöm. Í þessi tölfrár sem við höfum verið gift hefur hún unnið í sama bakarínu og verið vel fjölin. Hún hefur líka hugsað vel um drengina okkar, saumað allt og þrjónað á þá, enda höfum við ekki haft það mikil fjárrað að við gætum keypt allt sem þá vanhagaði um. Við höfum verið í hálfgerðu peningabasi síðan við keyptum íbúðina, orðið að veita hverri krónu fyrir okkur. Það er ekkert við því að gera, þetta er hjá okkur eins og svo mörgum öðrum sem eru að kaupa.

En ég neita því ekki að það hefur stundum farið í taugarnar á mér hversu andskorti nægjusöm hún er. Hún bókskraflaga ljónar ef henni tekst að ná í ódyrt drasi eða vörur á tilbóðsverði og svo tímar hún ekki að hafa kjöt í matinn nema þrisvar í viku. Maður er alltaf að éta eitthvert kinnverskt hrisgrjómadrasli eða pascaóti í stað þess að fá almenningan íslenskan mat. Ég er orðinn hund-

leiður á þessu, en það sem verra er, mér finnst hún halda okkur niðri með þessu smásálarlega hugarfarir. Við komumst aldrei upp fyrir þetta stig sem við erum á því hún vill hafa þetta svona. Nurra og spara, borga skuldir.

Ég held hún hafi ekki áhuga á að efnast. Hún skilur ekki að til að auka tekjur þarf maður oft að leggja út í kostnað. Hún sagði ekki neitt þegar ég endurnýjaði bílinn, sem var bráðnaðsynlegt því hann er mitt atvinnutæki, en að sjálfsgöðu fékk ég að finna fyrir því með ýmsu móti.

En það hefur ekki staðið á henni að dásama þennan bakara sem hún vinnur hjá, eins eyðslusamur og hann nú er.

Ég er bara ekki nógu góður fyrir hana, það er málið, enda ekki fengið sömu tækifæri í lífinu og aðrir. Auðvitað hefur maði oft sárnað og einmitt þegar ég er sár út í hana hefur það komið fyrir að ég hef misst stjórn á skapi mínu. Við höfum kannski verið að rífast og það hefur endað með barsmiðum. En þá hefur hún líka ögrað mér.

Eftir uppgjörin hefur allt falið í ljúfa löð og stundum hefur það jafnvel hvarflað að mér að hún vilji láta bertja sig.

Okkur lenti síðast saman fyrir nokkrum vikum, en þá var líka mikið búið að ganga á áður. Hún hafði ekki svo lítið skammiast yfir bruðlinnu í mér og svo gerir hún sér lítið fyrir einn daginn og kaupir sér rándýra kápu.

Við hófðum skroppið út á land nokkrir félagar og lyft aðeins glasi saman og þegar ég kom heim á sunnudagkvöldi var hún ekkert nema ólundin, sakaði mig um eyðslusemi og aumringja-skap. Ég ætlaði bara inni að sofa, enda þreyttur og slæptur, en þá sá ég kápuna. Nýja, rándýra kápu. Ég spurði hvet ætti hana og hún sagðist eiga hana, hefði safnað sér fyrir henni. Svaraði mér fullum hálsi.

Hún gekk bara of langt, manneskjan. Ég henti öllu lauslegu í hana og barði hana þar til ég gat ekki meir. Tók svo helvítis

kápu og reif af henni ermarnar. Svo fór ég inn í svefnherbergi og skellti á eftir mér.

Ég heyrði ekkert í þeim frammi, drengirnir höfðu falið sig eins og venjulega og hún hefur líklega verið að jafna sig. Ófast hefur hún sófið inni hjá drengjunum eftir svona rífrildi svo ég átti ekki von á henni inn í svefnherbergi.

En þá gerðist það.

Ekki strax. Ég hef örnugglega verið búinn að sofa í klukkutíma þegar það gerðist.

Ég vaknaði við að ég var sleginn fast utan undir.

Hún sló mig sofandi. Hún réðst á mig sofandi maðinn og sló mig!

Það getur enginn lýst því nema sá sem reynt hefur hvernig það er að vera sleginn sofandi. Það er skelfilegt.

Ég gekk í skrokk á henni. Kyldi hana á kjaftinn, þeytti henni um íbúðina og barði höfðinu á henni í gólfíð.

Það tók mig upp undir tvo tíma að sofa aftur.

En þetta var ekki búið. Einhvern tíma undir morgun, þegar ég var í fastasvefni, sló hún mig aftur. Ég var ekki eins viðbragðs-fjótur þá og náði ekki til hennar. Um leið og hún hljóp út sagði hún, svo ég hafi það orðrétt eftir henni: Þú færð kinnhest sofandi í hvert sinn sem þú leggur á mig hendur.

Ég veit ekki hvað hljóp í manneskjuna.

Ég kom snemma heim úr vinnunni þennan dag því ég hafði hugsað mér að taka á móti henni með viðeigandi hætti. En hún var á undan mér. Stöð yfir portunum í eldhúsinu þegar ég kom. Drengina var hvergi að sjá, en helvítis kápu, rífra og tættá, hafði hún lagt til sýnis á sófann.

Ég neita því ekki að þessir stælar í henni komu mér á óvart, en ég lét á engu beta, spurði bara hinn rólegasti hvar drengirnir væru. Hún sagði að þeir ætluðu að gista hjá mömmu hennar og svo var ekki meira um það rætt. En ég vissi hvar fiskur lá undir steini. Hún

hafði búið sig undir átök. Búin að flytja drengina á brott og hafði fjarlægð ymsa hluti af borðum svo þeir yrðu ekki fyrir hnaski.

Ég var svo undrandi að ég átti ekki orð. Manneskjan ætlaði bara í mig, svona lítil og kraftlaus eins og hún er. Það lá við að maður hefði gaman af þessu.

Ég hafði ekki geð í mér til að gefa henni annað glóðarauga, lét sem ég sæi hana ekki það sem eftir var kvöldis, horfði á sjónvarpið og fór svo inn í svefnherbergi að sofa. En ég læsti á eftir mér. Ég hafði engga löngun til að vera vakinn með kinnhesti.

Hún bjó um sig í barnaherberginu.

Við töludum lítillt sem ekkert saman næstu daga. Drengirnir komu aftur heim og á næturnar svaf hún uppi í hjá þeim. Spennan hlóðst upp á milli okkar. Alltaf kom hún helvítis kápuinni einhvers staðar fyrir þat sem allir gætu séð hana, en sem betur fer er enginn gestagangur hjá okkur svo að þragðið misheppnaðist hjá henni. En það var nú meira hvað hún gerði miklið veður út af þessari rífnu kápuðuslu.

Svo varð hún frákkari með hverjum degi, ögraði mér á allan hátt. Yfirleitt hefur heimilið verið í góðu lagi þegar ég hef komið heim á kvöldin, hún verið að elda, drengirnir inni í herbergi, allt verið hreint og snyrtilegt, en svo fór allt að fara á annan endann. Skótau og drasl í ganginum, hún kjaftandi í símann, matuninn ekki kominn í pottana og drengirnir með gauragang inni í stofu. Það var farið að sjóða á mér þótt ég segði ekki neitt.

Eitt kvöldið gekk hún alveg fram af mér svo það var óhjákvæmilegt að til átaka kæmi.

Hún var búin að senda drengina til mömmu sinnar eina ferðina enn og hafði lagt kápusträttanng ofan á rúmið mitt.

Þegar ég spurði hana hvað þessi helvítis drusla væri að gera barna sagðist hún hafa haldið að ég gæti gert við hana, ég væri svo flinkur í höndunum.

Ég tók hana og barði eins og harðfisk. Kyldi hana í brjóstið, á

kjartinn svo að tennur losnuðu, dró hana á hárinu inn í stofu, skelli henni utan í skápa, spartaði í hana liggjandi, reif hana upp aftur og kyldi þar til blóðið fossaði úr vícum hennar. Hún missri þvagið þegar hún skreið inn á baðherbergi.

Ég var svo brjálaður eftir þetta að ég gat ekki hugsað mér að fara upp í og sofa. Lagðist bara í sófann með bjór og horfði á sjónvarpið.

Ég hélt nú satt að segja að þetta væri búið. Að hún væri búin að fá nóg. En svo reyndist ekki vera

Ég sofnaði barna fyrir framan sjónvarpið og um miðja nótt er ég sleginn þéttingsfast utan undir

Mér fannst hjartað í mér stoppa. Ég gat mig hvergi hreyft

Hún stóð fyrir framan mig, afskræmd, blóðug og tannlaus, öll rífin og tætt og hatrið þvílíkt í augum hennar að um mig fór hrollur.

Mér fannst ég þurfa að forða mér. Ég komst framhjá henni, gat staulast inn í svefnherbergi og ætlaði að læsa á eftir mér, en þá var lykिलinn horfinn. Hún hafði tekið fjandans lykिलinn. Ég lagðist samt upp í rúm en gat ekki sofnað enda þótt ég vissi að hún mundi ekki slá mig nema ég færi í hana

Það eru nokkrar vikur síðan þetta gerðist

Hún varð að fara með muninn á sér í einhverja aðgerð sem kostaði okkur stórfé. Ég fetti ekki fingur úr í það. Ég hef ekki lagt hendur á hana síðan og ekki verið sleginn aftur sofandi.

En ég get ekki sofíð. Htrekk upp við minnsta hljóð. Sofna kannski en er alltaf með varann á mér. Og ef ég heyrni hana hósta inni í herbergi hjá drengjunum er ég glaðvakaður. Ligg vakandi fram undir morgun. Það duga engar pillur. Ég er búinn að reyna allt en ekkert gengur. Ég get ekki sofíð. Ég veit ekki hvað ég á að gera. Ég keypti meira að segja handa henni nýja kápu um daginn.

Hún hefur ekki enn farið í hana.